

Ritunarsmiðja: RITHÖFUNDASTÓLL

(writing workshop: author's chair)

Um rithöfundastól

Rithöfundastóllinn er síðasti hluti ritunarsmiðjunnar. Hluti kennslustundar er tekinn frá svo nemendur geti deilt ritsmíðum sínum með bekkjarfélögum en bekkjarfélagarnir hafa það hlutverk að veita rithöfundum endurgjöf á verk þeirra. Sérstakur stóll er valinn til að vera „rithöfundastóllinn“ og er hann hafður stór og/eða áberandi til að gera vægi hans mikið. Þetta getur, svo dæmi sé tekið, verið hæginda-stóll, ruggustóll eða gamall tréstoill sem er málaður í fallegum lit/litum. Stólnum er stillt upp þannig að gott rými sé fyrir áheyrendur og að allir heyri og sjái rithöfundinn vel. Áheyrendur hafa fengið leiðsögn varðandi hvers konar endurgjöf er viðeigandi, en einungis jákvæðar, uppbyggilegar og vel rökstuddar athugasemdir eru samþykktar. Rithöfundar eru hvattir til að svara eða þakka fyrir endurgjöfina.



Lengd tímans, sem varið er við rithöfundarstóllinn, getur verið breytileg og fer hún að sjálfsögðu eftir aldri nemenda. Miða má við 10–20 mínútur og/eða hversu vanir nemendur eru skipulaginu. Sumir kennarar velja að hafa rithöfundastóllinn alltaf í lok hvernar ritunarsmiðju á meðan aðrir hafa hann sjaldnar og láta þá fleiri nemendur deila ritun sinni í hvert skipti.

Framkvæmd

1. Kennari velur stól sem hann ætlar að hafa sem „rithöfundastóllinn“ í skólastofunni. Þetta ætti ekki að vera venjulegur nemendastóll eða kennarastóllinn heldur sérstakur stóll ætlaður í þetta verkefni. Ekki þarf að kosta miklum fjármunum til að kaupa stóllinn og oftast er notuð sú aðferð að finna gamlan stól og mála hann skrautlega eða í áberandi lit og jafnvel að skrifa á hann „Rithöfundastóll“.
2. Útskýrið fyrir nemendum (t.d. í stuttri innlögn) tilgang rithöfundastólsins og hvaða reglur muni gilda varðandi hann. Dæmi um þetta væri t.d. hvaða form er haft á því hvenær, hvaða nemendur eða hversu margir, veita endurgjöf og í hvaða formi endurgjöfin á að vera.
3. Kennari tekur frá tíma (oftast í lok ritunarsmiðju) sem hann ætlar að nota í rithöfundastóllinn og ákveður hvaða nemendur eigi að lesa upp ritun sína að þessu sinni. Þetta gerir kennarinn út frá þeim upplýsingum sem hann hefur safnað í ritunarsamtölunum. Kennari lætur viðkomandi nemendur vita svo þeir séu undirbúnir undir að deila ritun sinni með samnemendum og hann segir jafnframt öllum nemendahópnum frá því hvenær rithöfundastóllinn sé á dagskrá.
4. Á tilteknum tíma býður kennari nemendum að safnast fyrir framan rithöfundastóllinn. Hann býður síðan rithöfundi í stóllinn sem les upp ritsmíði sína eða þann hluta sem hann vill deila með bekkjarfélögum.
5. Eftir að rithöfundur hefur lokið lestrinum býður kennari (eða rithöfundurinn sjálfur ef það hefur verið ákveðið) öðrum nemendum að veita endurgjöf á ritsmíðina. Þeim reglum, sem hafa verið settar varðandi endurgjöf, er fylgt til hins ýtrasta.